

**Ed.**

**589. Frumvarp til laga**

**[197. mál]**

um breyting á lögum nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra úrskurðar, hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundin atkv. um málið. Frv. fylgdu svolátandi athugasemdir:

Með launalögum, nr. 60/1945, er ákveðið í 37. gr., að skipuð skuli 3 manna nefnd, sem úrskurða skuli um, hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega. Er nefndin skipuð þannig, að ríkisstjórn, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstiréttur tilnefni sinn mann hver. Sparnaðarnefnd lagði til, að nefnd þessi yrði lögð niður og störf hennar lögð undir úrskurð fjármálaráðuneytisins. Segir um þetta í álitni sparnaðarnefndar meðal annars á þessa leið:

„Við athugun hefur sparnaðarnefndin komið að þeirri niðurstöðu, að engin ástæða sé til að hafa sérstaka nefnd starfandi til að úrskurða þau málefni, sem talin eru upp í 37. gr. laganna, þar sem fjölmörg atriði laganna, sem eigi snerta síður hag launþega en þau, sem talin eru upp í greininni, heyra beint undir úrskurð fjármálaráðuneytisins, eins og t. d. þau, hvar skipa beri mönnum í launaflokka, og önnur eru sett undir dóm annarra lögboðinna og fastra nefnda, svo sem mat hlunninda undir úrskurð yfirskattanefnda.“

Leggur því sparnaðarnefndin til, að umrædd nefnd samkv. 37. gr. launalaganna verði lögð niður og störf þau, sem henni eru falin, lögð undir úrskurð fjármálaráðuneytisins, enda verði launalögunum breytt að þessu leyti.“

Ríkisstjórnin hefur fallið á tillögu nefndarinnar, en með því að lagabreytingu þarf til að koma tillögunni í frambærni, er frv. þetta borið fram.